

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐARSTÖÐ ATLANTSOLÍU Í HAFNARFIRÐI

Dagsetning	14. apríl 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Atlantsolía ehf.	Starfsleyfi, gildir til	15. apríl 2015
Heimilisfang	Lónsbraut 2, 220 Hafnarfirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Fulltrúar fyrirtækis	Albert Valur Albertsson Bjarki Kristjánsson (Mannvit)
Isat nr.	51.51.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N64 03,869 V21 58,573
Starfsemi	Heildverslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og skyldar vörur.		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Tvær athugasemdir voru gerðar. Annars vegar um að merkja barka á bryggju, en löndunarbarkar hafa verið endurnýjaðir. Hins vegar að endurnýja olíu og olíusíur í gufuendurnýtingarbúnaði við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var sest yfir skráningar og mælingar með fulltrúum eftirlitsþega. Farið var yfir gögn vegna geyma í stöðinni, olíulagna og olíubarka á bryggju. Farið var yfir gögn um fráveitumælingar vegna mælinga á olíu í frárennsli og einnig var rætt um breytingar sem gerðar hafa verið á frárennsli frá þróum þar sem frárennsli bensínþróar og olíuþróar voru aðskilin og lokar settir í bæði frárennsli. Einnig var afhent afrit af ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunarátburða. Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa hefur verið uppfærð og eintak sent Umhverfisstofnun árið 2010. Rekstrarhandbók skoðuð.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, talað við Helga Hrafnsson, dreifingarstjóra um fráveitumál og þríf á olíuflutningabílum á áfyllingarplani stöðvarinnar. Einkum um óæskileg áhrif sápu og terpentínu efna á virkni olíuskilja.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram.

Athugasemd 1: Merkingar á löndunarbörkum fyrir olíur og bensín.

Við löndun eldsneytis snemma árs 2010 krossuðust barkar sem notaðir eru til að tengja saman olíuflutningaskip og löndunarlagnir í stöðinni í Hafnarfirði. Því var olíu dælt á bensíngeyma og öfugt. Nýir barkar hafa verið teknir í notkun og þótt löndunarlagnir sér vel merktar á bryggju, þá mun það auka öryggi og draga úr hættu á mistökum við löndun að merkja barkana á tungumáli sem starfsfólk olíuflutningaskipa skilur.

Athugasemd 2: Viðhald á gufuendurnýtingarbúnaði.

Í skýrslu Aker Cool Sorption (Thomas Nerenst) frá því í maí sl. kemur fram að skipta þarf um olíu og síur í búnaðinum. Einnig kemur fram að búnaðurinn gengur mjög kaldur. Olíuhitari var ekki í gangi í vetur og hægt er að sjá að olíuhiti hefur farið niður í -6°C. Mikilvægt er að búnaðurinn sé í góðu lagi, því annars er hætt við að bensíngufur sleppi frá stöðinni yfir þeim mörkum sem sett eru í VOC-reglugerðinni.

Önnur atriði: Aðstaða á bryggju

Atlantsolía ehf. hefur í samvinnu við Hafnarfjarðarhöfn, verkfræðistofuna Strending, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Umhverfisstofnun unnið að hönnun úrbóta á aðstöðu á löndunarbryggju. Fyrirhugað er að hækka yfirborð bryggjudekksins svo hægt sé að koma fyrir mengunarvarnarpró á bryggjunni, setja upp slökkvikerfi sem að hluta til verður fastur búnaður á bryggjunni og bæta öryggi og aðstöðu starfsmanna sem vinna við löndun á bensíni, olíum og biki á bryggjunni. Hönnunavinnu á að vera lokið í haust.

Reykjavík, 01/07/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.